



STOFNUN ÁRSINS

BORG OG BÆR 2016





Stofnun ársins Borg og bær 2016

„Stofnun ársins - Borg og bær“ er valin í tveimur flokkum líkt og síðustu ár. Annars vegar eru stærri stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri og svo minni stofnanir með 5-49 starfsmenn.

Í flokki stærri stofnana bar **Frístundamiðstöðin Kampur** sigur úr bítum með einkunnina 4,42 en hún lenti í fjórða sæti stórra stofnana í fyrra.

Í flokki minni stofnana er **Skrifstofa Íþrótt- og tómstundasviðs í Reykjavík** í efsta sæti með einkunnina 4,9 en þau voru í sjöunda sæti fyrir ári í flokki minni stofnana.

Titillinn Hástökkvari ársins fær sú stofnun sem hækkar mest á milli ára á lista yfir allar stofnanir. Í ár er það **Skrifstofa Íþrótt- og tómastundasviðs**, en sá vinnustaður hækkar sig mest á raðeinkunn milli mælinga, en þá er hverjum vinnustað gefin raðeinkunn á bilinu 1-100 og breytingin borin saman milli ára. Alls hækkar vinnustaðurinn þannig um 28 sæti á raðeinkunninni.

Í flokknum stærri stofnanir, með 50 starfsmenn eða fleiri, eru þrjár stofnanir valdar sem fyrirmyndastofnanir. Í ár eru það **Frístundamiðstöðin Kampur**, **Frístundamiðstöðin Frostaskjól**, sem var valin Stofnun ársins í fyrra, og svo **Norðlingaskóli** sem var einnig í þriðja sæti fyrir ári. Það er athyglisvert að frístundamiðstöðvarnar sem skipa tvö efstu sætin nú verða sameinaðar á þessu ári.

Í flokknum minni stofnanir, með allt að 49 starfsmenn, eru einnig valdar þrjár stofnanir en það eru **Skrifstofa Íþrótt- og tómastundasviðs Reykjavíkur**, **Vallarsel Akranesi** sem var í öðru sæti fyrir ári

og svo **Fossvogsskóli**, sem einnig lenti í þriðja sæti fyrir ári. Mikill stöðugleiki er því í efstu sætunum milli ára.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar óskar starfsmönnum og stjórnendum þessara stofnana innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur og óskar þeim alls hins besta í framtíðinni.

FRAMKVÆMD

St.Rv. velur nú „Stofnun ársins – Borg og Bær“ í fimmta sinn. Líkt og fyrir ári er vinnustöðum skipt upp í stærri (50 eða fleiri starfsmenn) og minni vinnustaði (færri en 50 starfsmenn) og hægt er að bera saman árangur vinnustaðanna í hvorum stærðarflokki fyrir sig. Þátttakendur eru spurðir út í níu þætti í starfsumhverfinu: Stjórnun, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægju og stolt og jafnrétti.

Nýr þáttur, jafnrétti, er nú hluti heildar-einkunnar í fyrsta skipti. Vægi þáttarins er þriðja mest af þáttunum sem mældir eru. Þátturinn er byggður á sex spurningum sem snúa að jafnrétti, bæði almennt sem og jafnrétti kynjanna. Ein spurning um fjölbreytni er einnig hluti af þættinum.

Val á Stofnun ársins og Fyrirtæki ársins er samvinnuverkefni St.Rv., SFR stéttarfélags, VR og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Könnunin er ein stærsta reglulega vinnumarkaðskönnun sem framkvæmd er hér á landi og gefur mikilvægar upplýsingar um stöðu starfsmanna á vinnumarkaði. VR hefur útnefnt Fyrirtæki ársins í 20 ár, SFR hefur staðið fyrir vali á Stofnun ársins síðastliðin 10 ár, en

St.Rv. stendur fyrir valinu Stofnun ársins – Borg og bær, nú í fimmta sinn.

Könnun meðal félagsmanna St.Rv. fór fram með sama hætti og hjá SFR og VR. Gallup sá um framkvæmdina sem var alfarið framkvæmd á netinu. Send var könnun á félagsmenn þar sem netfang var fyrir hendi, en hringt var í þá félagsmenn St.Rv. sem ekki höfðu netfang og þeim boðið að taka þátt í könnuninni. Ef ekki náðist í starfsfólk var sent bréf með vefslóð og lykilorði á heimilisfang starfsmannsins. Könnunin náði til allra félagsmanna St.Rv. sem voru í 40% starfi eða meira og höfðu verið félagsmenn í a.m.k. fjóra mánuði.

Upphaflega voru tæplega 3.400 manns í þýði St.Rv. en endanlega voru ríflega 3.200 manns í þýðinu. Svör bárust frá 1.373 en 1.321 svar var notað við úrvinnslu, sem gerir 41% svarhlutfall, sem er svipað og á síðasta ári. Mikilvægt er að hafa í huga að þetta er svörin úr heildarhópi eða þýði því allir félagsmenn St.Rv., að uppfylltum framangreindum skilyrðum, höfðu möguleika á að taka þátt.

Til þess að stofnun/vinnustaður/fyrirtæki væri tekin með í greininguna um „Stofnun ársins – Borg og bær“ þurfti fjöldi svarenda að ná ákveðnu lágmarki. Krafa var gerð um 35% svarhlutfall frá stofnun. Auk þess var miðað við að lágmarki 5 svarendur hjá minni stofnunum, þ.e. með færri en 50 starfsmenn. Hjá stofnunum með 50 starfsmenn eða fleiri þurftu að lágmarki 10 starfsmenn að hafa sent svör sín til Gallup. Alls uppfylltu 42 stofnanir þessi skilyrði, heldur færri en fyrri ár. Niðurstöður „Stofnun ársins – Borg og bær“ byggja á svörum tæplega 800 starfsmanna áður nefndra 42 vinnustaða.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar óskar starfsmönnum og stjórnendum Stofnana ársins - Borg og bær, Fyrirmyndarstofnana og Hástökkvara innilega til hamingju með glæsilegan árangur.

STÓRAR STOFNANIR (50 starfsmenn eða fleiri)

1. sæti STOFNUN ÁRSINS - Borg og bæ 2016
Frístundamiðstöðin Kampur - Einkunn 4,419
2. sæti STOFNUN ÁRSINS - Borg og bæ 2016
Frístundamiðstöðin Frostaskjól - Einkunn 4,412
3. sæti STOFNUN ÁRSINS - Borg og bæ 2016
Norðlingaskóli - Einkunn: 4,301

MINNI STOFNANIR (49 starfsmenn eða færri)

1. sæti STOFNUN ÁRSINS - Borg og bæ 2016
Skrifstofa Íþróttar- og tómstundasviðs Reykjavík - Einkunn 4,902
2. sæti STOFNUN ÁRSINS - Borg og bæ 2016
Vallarsel Akranesi - Einkunn 4,697
3. sæti STOFNUN ÁRSINS - Borg og bæ 2016
Fossvogsskóli - Einkunn 4,521

HÁSTÖKKVARI ÁRSINS 2016

Skrifstofa íþróttar- og tómstundasviðs Reykjavík



Stofnun ársins - Borg og bær 2016

Félagsmenn St.Rv. vinna gjarnan á vinnu-stöðum þar sem félagsmenn margra annarra stéttarféлага starfa og skýrir það að einhverju leyti af hverju fleiri vinnustaðir komast ekki á lista.

TILGANGUR

Tilgangur könnunarinnar er að vera stjórnendum hvatning til að láta sig stjórnun og aðbúnað starfsfólks varða og einnig að vera viðurkenning til handa þeim sem skara fram úr á því sviði. Það er von okkar að þessi könnun meðal starfsmanna verði nýtt starfsfólki til hagsbóta. Mælingar á frammistöðu stofnana á þessu sviði eru ekki bara sjálfsagðar heldur nauðsynlegar. Með þessu móti fá starfsmenn og stjórnendur kærkomnar upplýsingar til að meta frammistöðu sinnar stofnunar.

Sífelldar breytingar eru í umhverfi okkar sem kalla jafnframt á sífellda aðlögun vinnustaða að nýjum veruleika. Breytingar í vinnubrögðum, skipulagi og stjórnun gera miklar kröfur til allra aðila; kjörinna fulltrúa í borgar- og bæjarstjórnun, stjórnenda og starfsmanna. Það er hagur allra, íbúa, stjórnenda og starfsfólks, að stofnanir og fyrirtæki búi starfsmönnum sínum jákvætt og styðjandi starfsumhverfi. Mikilvægt er því að allar ákvarðanir séu teknar af yfirvegun og byggðar á vandaðri stjórnsýslu.

Starfsfólk getur notað niðurstöður könnunarinnar til að bera saman eigin vinnustað í samanburði við aðra vinnustaði, stofnanir og fyrirtæki, bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði. Þá, eins og áður er getið, eru þessar upplýsingar ekki síður dýrmætar fyrir stjórnendur, hvort sem um er að ræða staðfestingu á því sem vel er gert í starfsmannamálum eða hvatning til að gera betur.

NÍU ÞÆTTIR MÆLDIR

VINNUSTAÐIR SEM KOMUST Á LISTA


Níu þættir voru mældir í könnuninni: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og loks jafnrétti sem er nýr þáttur í ár. Þættirnir eru samsettir úr þeim spurningum sem falla undir hvern þátt. Hverri spurningu er hægt að svara á fimm punkta kvarða (þar sem 1 er lægst og 5 er hæst) og þar sem hærri endi kvarðans

Tafla 1. Samanburður á einkunnum vinnustaða milli ára – vinnustaðir sem komust á lista


	2016	2015	2014	2013	2012
Heildarmeðaltal	3,93	3,91	3,80	3,76	3,78
Stjórnun	3,99	3,99	3,85	3,82	3,76
Starfsandi	4,20	4,17	4,13	4,09	4,07
Launakjör	2,57	2,45	2,24	2,22	2,24
Vinnuskilyrði	3,64	3,69	3,53	3,47	3,57
Sveigjanleiki vinnu	4,20	4,18	4,19	4,14	4,06
Sjálfstæði í starfi	4,22	4,25	4,16	4,15	4,14
Ímynd stofnunar	3,89	3,91	3,85	3,75	3,81
Ánægja og stolt	4,07	4,07	4,04	3,97	3,95
Jafnrétti	4,12	-	-	-	-

Tafla 2. Einkunnir á öllum þáttum skipt eftir stærð vinnustaða – vinnustaðir sem komust á lista

	Allt að 49 starfsmenn	Fleiri en 50 starfsmenn
Heildarmeðaltal	3,93	3,93
Stjórnun	4,02	3,96
Starfsandi	4,20	4,19
Launakjör	2,50	2,62
Vinnuskilyrði	3,71	3,59
Sveigjanleiki vinnu	4,18	4,21
Sjálfstæði í starfi	4,24	4,22
Ímynd stofnunar	3,85	3,91
Ánægja og stolt	4,02	4,12
Jafnrétti	4,14	4,11



Mynd 1. Breyting þátta milli ára, hækkun 2015 til 2016 – vinnustaðir sem komust á lista



Mynd 2. Munur á milli stórra og lítilla vinnustaða – vinnustaðir sem komust á lista. Neikvæðar tölur sýna mun sem er stórum stofnunum (50 starfsmenn og meira) í vil en jákvæðar tölur sýna mun sem er litlum stofnunum (1-49 starfsmenn) í vil.

gefur til kynna meiri ánægju með það sem spurt er um, en lægri endinn gefur til kynna meiri óánægju.

Valið á „Stofnun ársins – Borg og bær“ 2016 byggist á heildareinkunn sem er samsett úr framangreindum níu þáttum. Í samsetningu heildareinkunnar er vægi þáttanna níu ólíkt og er vægi þáttarins „Stjórnun“ mest í heildareinkunn (18%), en minnst er vægi „launakjara“ og „sjálfstæðis í starfi“ (8%). Við útreikninga á vægi hvers þáttar er alfarið byggt á gögnunum sjálfum.

STOFNUN ÁRSINS – BORG OG BÆR

Eins og áður sagði komust 42 stofnanir á lista. Meðal-heildareinkunn þessara stofnanna er 3,93 sem er svipað og á síðasta ári. Af þáttunum níu fékkst hæsta einkunn á þættinum „Sjálfstæði í starfi“ (4,22) en lægst einkunn fékkst á þættinum „Launakjör“ (2,57). Einkunnir þáttanna má annars sjá í töflu 1. Launakjör og vinnuskilyrði hækka mest frá síðasta ári, eins og sjá má á mynd 1.

Mesta breyting verður á einkunn þáttarins „Launakjör“ en sá þáttur hefur nú hækkað tvö ár í röð. Í fyrra hækkaða sá þáttur mest allra þátta og er það eins í þessari könnun. Samtals nemur hækkingunin 0,33 á kvarðanum 1-5 sem er umtalsverð breyting. Sá þáttur sem tekið hefur næstmestum breytingum er þátturinn stjórnun sem hefur hækkað um 0,14 stig á tveimur árum.


Líkt og í fyrra er vinnustöðum skipt í tvo flokka eftir fjölda starfsmanna; minni vinnustaði með færri en 50 starfsmenn og stærri vinnustaði með 50 og fleiri starfsmenn.

Sama heildareinkunn fékkst hjá stærri og minni vinnustöðum. Stærri vinnustaðir fá hærri einkunn á launakjörum, en minni vinnustaðir fá hærri einkunn á vinnuskilyrðum. Stærri vinnustaðir hjá St.Rv. hafa síðustu ár fengið hærri einkunn á launakjörum en minni vinnustaðir.

ÞÆTTIRNIR NÍU

SVÖR ALLRA ST.RV. FÉLAGA

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum St.Rv. félaga án tillits til þess hvort vinnustaðurinn komst á lista eða ekki. Þessar niðurstöður geta því vikið lítið eitt frá þeim niðurstöðum sem birtar eru hér að framan. Þessar niðurstöður takmarkast ekki við þá vinnustaði sem komust á lista (tæplega 800 svör) heldur miðast við svör allra eða 1.321 svarenda.




Mynd 3. Hlutfall svarenda sem gefur trúverðugleika stjórnaða „mjög góða einkunn“ (þ.e. einkunn á bilinu 4,50-5,00 – hlutfallstölur, skipt eftir sviðum/sveitarfélögum. St.Rv. félagar, allir svarendur

STJÓRNUN


Matið á stjórnun er byggt á tíu spurningum um stjórnendur almennt, næsta yfirmanns og hversu vel vinnustaðnum er stjórnað. Nokkrar orðalagsbreytingar urðu á þættinum nú og miðuðust nær allar spurningar við næsta yfirmann en ekki stjórnendur eins og áður. Þetta gerir það að verkum að einkunn þáttarins hækkar lítið eitt frá fyrri mælingum, en þetta er hæsta einkunn á þættinum sem mælt hefur frá upphafi.

Yngra fólk og þeir sem eru með skemmri starfsaldur gefa hærri einkunn en þeir sem eldri eru eða hafa starfað lengur á vinnustaðnum. Svörin voru flokkuð eftir stöðu í skipuriti og voru „hærri stjórnendur“ og millistjórnendur jákvæðastir starfsstétta en almennir starfsmenn neikvæðastir.



Mynd 4. „Hversu vel eða illa telur þú að þínu vinnustað/þinni starfsstöð sé stjórnað“ – St.Rv. félagar, allir svarendur

Svörum var einnig skipt eftir sviðum/sveitarfélögum og var starfsfólk Íþrótt- og tómstundasviðs jákvæðast en starfsfólk „Ráðhús skrifstofur“ neikvæðast.



Mynd 5. Hlutfall svarenda sem gefur starfsanda „mjög góða einkunn“ (þ.e. einkunn á bilinu 4,50-5,00 – skipt eftir sviðum/sveitarfélögum. Hlutfallstölur - St.Rv. félagar, allir svarendur

Á mynd 3 er sýnt hlutfall sem gefur trúverðugleika stjórnenda mjög góða einkunn (einkunn á bilinu 4,50-5,00) eftir sviðum/sveitarfélögum síðustu þrjú ár. Eins og sjá má er almenn hækkan á þættinum og athyglisvert er að sjá að Íþrótt- og tómstundasvið hefur nú hækkað verulega tvö ár í röð:

Ein spurning í þættinum um stjórnun snýr að því hvort fólki finnst vinnustaðnum vel eða illa stjórnað. Ríflega 71% segja að vinnustaðnum sé vel stjórnað og er það sama niðurstaða og fyrir ári. Tæp 11% segja að honum sé illa stjórnað og er það einnig sama hlutfall og fyrir ári (sjá mynd 4). Akranesbær fær hæstu útkomu á þessari spurningu, eða 4,2 á kvarðanum 1-5, þá næst Íþrótt- og tómstundasvið og Skóla- og frístundasvið.


STARFSANDI

Matið á starfsanda er byggt á þremur spurningum sem lúta að samskiptum og starfsanda. Almenn er starfsandi talinn góður og einkunn á þættinum mælist há og er svipuð og fyrir ári. Hærri stjórnendur telja starfsandann betri en þeir sem eru neðar í skipuriti. Eins og sést á mynd 5 er stórt hlutfall sem gefur starfsanda mjög góða einkunn, eða einkunn á bilinu 4,5 til 5,0.


Akranesbær fær hæstu einkunn á þættinum og þar eru einnig flestir sem gefa starfsanda „mjög góða“ einkunn eða rúmur helmingur. Eins og sjá má hefur stöðugt hærri hlutfall gefið „mjög góða“ einkunn hjá bænum síðustu þrjú árin.

LAUNAKJÖR


Mat á launakjörum hækkar nú mikið annað árið í röð. Matið er byggt á þremur spurningum um laun, þ.e. ánægju með launakjör, sanngirni launa og samanburði á eigin launum og launum annarra. Ánægja með launakjör er mest meðal yngstu svarendanna og þeirra sem starfað hafa skemmst á vinnustaðnum, en lakara hjá þeim sem eru eldri og starfað hafa lengur. Hærri stjórnendur eru ánægðari með launakjör en t.d. sérfræðingar og sérhæft starfsfólk. Önnur spurning sem myndar þáttinn launakjör er spurningin hvort fólk telji vinnuveitandann greiða betri, svipuð eða verri laun en gert sé á sambærilegum vinnustöðum. Af svarendahópnum í heild eru um 40% sem segja launin verri, um helmingur segir þau sambærileg,




Mynd 6. „Telur þú vinnuveitanda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum?“ Hlutfallstölur. – St.Rv. félagar, allir svarendur



Mynd 7. Einkunn á atriðum sem mynda þáttinn „vinnuskilyrði“ St.Rv. félagar, allir svarendur



Mynd 8. Hlutfall svarenda sem gefur „vinnuskilyrðum“ „mjög góða einkunn“ (þ.e. einkunn á bilinu 4,50-5,00– skipt eftir sviðum/sveitarfélögum. Hlutfallstölur – St.Rv. félagar, allir svarendur



Mynd 9. Viðhorf svarenda til tölvu- og tækjabúnaðar. Hlutfallstölur. Spurt var „Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ... tölvu- og tækjabúnað?“ – St.Rv. félagar, allir svarendur

en rúm 9% telur launin betri og er það svipað hlutfall og fyrir ári, sjá mynd 6.

VINNUSKILYRÐI

Mat á vinnuskilyrðum lækkar lítillega milli mælinga. Matið er nú byggt á sjö spurningum um ánægju með ýmsa þætti í umhverfinu, t.d. lýsingu, loftræstingu, tölvu- og tækjabúnað. Í ár bættist eitt atriði við og er það mat á hljóðvist. Mat á hljóðvist fékk lægstu einkunn á þeim þáttum sem spurt var um, eins og sjá má á mynd 7.

Mat á vinnuskilyrðum er jákvæðara meðal hærri stjórnenda og millistjórnenda en lægst meðal sérfræðinga. Þá er mat á vinnuskilyrðum jákvæðast hjá Akranesbæ og þar hækkar matið einnig milli mælinga. Hjá Menningar- og ferðamálasviði hækkar matið einnig, eins og sjá má á mynd 8.

Ein spurninganna sem liggja að baki þættinum snýr að ánægju með tölvu- og tækjabúnað. Ánægja með tölvu- og tækjabúnað vex nú þriðja árið í röð. Nú eru 65% ánægð með tölvu- og tækjabúnað en aðeins 15% óánægð, sjá mynd 9.


SVEIGJANLEIKI VINNU

Sveigjanleiki vinnu er mældur með fimm spurningum, t.d. hvort fólk geti skroppið frá í vinnutímanum og hvort fólk eigi auðvelt með að samræma vinnu og einkalíf. Sveigjanleiki er meiri hjá konum en körlum. T.d. segjast karlar frekar en konur að ætlast sé til að þeir vinni yfirvinnu þegar þess er þörf og konur segja einnig frekar en karlar hafa svigrúm til að útrétta í vinnutímanum en karlar. Þá segjast konur frekar geta farið úr vinnu með litlum fyrirvara en karlar og þær segjast eiga auðveldara með að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Mat á sveigjanleika stendur nokkurn veginn í stað milli mælinga og hefur lítið breyst á síðustu árum, sjá mynd 10.


Ein spurningin sem notuð er til mælingar á þættinum er hvort ætlast sé til þess að starfsfólk vinni yfirvinnu sé þess þörf. Karlar eru frekar í þeirri stöðu að þurfa að vinna yfirvinnu þegar þess er þörf. Karlar svara spurningunni oftast með svarinu „oftast“ heldur en konur sem gefa oftast svarið „sjaldan“, sjá mynd 11.

SJÁLFASTÆÐI Í STARFI


Þátturinn mælir hversu góð tök fólki finnst það hafa á starfi sínu, hvort starfs-



Mynd 10. Einkunn „Sveigjanleiki vinnu.“ Hlutfall svarenda alls, karla og kvenna sem gefur sveigjanleika góða einkunn, hvorki góða, slæma einkunn og slæma einkunn. St.Rv. félagar, allir svarendur



Mynd 11. „Það er ætlast til þess að ég vinni yfirvinnu sé þess þörf“ – Hlutfallstölur– St.Rv. félagar, allir svarendur



Mynd 12. Hlutfall svarenda sem gefur „ímynd“ „mjög góða einkunn – skipt eftir sviðum/sveitarfélögum. Hlutfallstölur– St.Rv. félagar, allir svarendur

fólk hefur yfirsýn yfir starfið og þau áhrif sem það hefur í starfinu. Þátturinn stendur í stað milli mælinga.

ÍMYND

Ímynd vinnustaðarins er metin með þremur spurningum sem varða mat á afstöðu annarra, umfjöllun og almannarómi um vinnustaðinn eins og t.d. „Þegar stofnunin sem ég starfa hjá ber á góma er sú umræða yfirleitt jákvæð.“ Þessi þáttur lækkar lítillega milli mælinga.

Talsverður munur kemur fram á mati fólks á ímynd vinnustaðar eftir sviðum/sveitarfélögum (sjá mynd 13). Félagar í St.Rv. sem vinna á Íþrótt- og tómstundasviði, menningar- og ferðamálasviði og hjá Akranesbæ telja nær allir ímynd síns vinnustaðar vera jákvæða og gefa góða einkunn á spurningum um ímynd. Nærri helmingur svarenda á þessum sviðum gefur ímynd „mjög góða“ einkunn. Hjá Umhverfis- og skipulagsviði, á hinn bóginn, er næstum helm-

ingur sem gefur ímynd sviðsins slæma einkunn. Aðeins 28% telur ímyndina góða og þar af telja aðeins 4% ímyndina mjög góða, sjá mynd 12.

ÁNÆGJA OG STOLT

Þátturinn „Ánægja og stolt“ er settur saman úr fjórum spurningum; ánægju í starfi, líðan í starfi, stolt af starfi og hvort viðkomandi gæti mælt með vinnustaðnum. Hærri stjórnendur eru ánægðastir starfsstétta, almennir starfsmenn óánægðastir og þá eru konurnar ánægðari en karlarnir. Yngsti hópur starfsfólks er einnig ánægðari en aðrir aldurshópar. Ánægjan er mest hjá Akranesbæ og Íþrótt- og tómstundasviði en minnst hjá umhverfis- og skipulagssviði, sjá mynd 13.

STJÓRNENDUR ERU ALMENNT ÁNÆGÐARI Í STARFI


Líkt og í mörgum könnunum af svipuðum toga sýnir könnun St.Rv. að starfsfólk herra í skipuriti er oftast ánægðara en starfsfólk lægra í skipuriti. Einnig sýnir hún að hærri stjórnendur gefa hærri heildareinkunn en aðrir starfshópar. Þeir eru ánægðari og stoltari en aðrir starfshópar og gefa þáttum eins og ímynd, vinnuskilyrðum, starfsanda og launakjörum hærri einkunn en almennir starfsmenn.

Ástæðan er oftast talin vera sú að aðstæður stjórnenda eru hagfelldari en almennra starfsmanna á mikilvægum þáttum sem skipta máli varðandi líðan þeirra og raunar einnig lífsánægju og heilsu þeirra.

Dæmi um þætti sem hafa mikil áhrif á líðan starfsfólks er t.d. að stjórnendur eru nær ákvarðanatökunni, hafa meira umboð til athafna og nýta hæfileika sína oftast betur en almennir starfsmenn. Þá njóta þeir einnig almennt betri kjara en almennir starfsmenn og þó að álag á stjórnendum sé oftast meira en á almennu starfsfólki þá vegur oftast mikil stjórn á aðstæðum upp á móti neikvæðum áhrifum álags.

JAFNRÉTTI


Nýr þáttur lítur nú dagsins ljós og er það mat fólks á jafnrétti á vinnustaðnum. Þessi þáttur er hluti heildareinkunnar í fyrsta skipti. Þátturinn er byggður á svörum fólks við sex spurningum sem snúa að jafnrétti kynjanna, jafnrétti almennt og fjölbreytni. Niðurstöður á þættinum eru frekar jákvæðar, sjá mynd 14.



Mynd 13. Hlutfall svarenda sem gefur „ánægju og stolti“ „mjög góða einkunn“ (þ.e. einkunn á bilinu 4,50-5,00 – St.Rv. félagar, allir svarendur)



Mynd 14. Einkunn gefin á kvarðanum 1-5 – St.Rv. félagar, allir svarendur



Mynd 15. Hlutfall svarenda sem gefur „Jafnrétti“ „mjög góða einkunn“ (þ.e. einkunn á bilinu 4,50-5,00 – St.Rv. félagar, allir svarendur)

Séu niðurstöður skoðaðar eftir sviðum/sveitarfélögum má sjá talsverðan mun á viðhorfum fólks til jafnréttis á vinnustaðnum. Starfsfólk Íþrótt- og tómstundasviðs er jákvæðast gagnvart jafnrétti á vinnustaðnum og einnig starfsfólk Akranesbæjar og skóla- og frístundarsviðs. Neikvæðastir eru starfsfólk ráðhúss – skrifstofur.


HVAÐ SVO?

Mikilvægt er að kannanir af þessu tagi séu framkvæmdar með reglubundnum hætti. Þannig geta stjórnendur og starfs-

menn stuðlað að markvissari þróun mannauðsstjórnar og fá um leið tækifæri til að bera saman stöðu mannauðsmála hjá sínum stofnunum og annarra fyrirtækja og stofnana í landinu.

ÞÁTTTAKA Í STOFNUN ÁRSINS

Það skiptir miklu máli að taka þátt í könnun félagsins um aðstæður á vinnustað því út frá þeirri könnun byggir val á „Stofnunar ársins - Borg og bær“. Þátttaka hvers og eins getur ráðið því hvort að vinnustaður nái á lista yfir stofnanir ársins. Í ár náðu t.d. tveir vinnustaðir



Mynd 16. Hlutfall svarenda St.Rv. sem hafa tekið þátt í könnuninni.

sem urðu í efstu sætum í fyrra ekki inn á lista vegna ónógrar þátttöku. Oft er

þetta vegna þess að félagsmenn St.Rv. eru einfaldlega ekki nógu margir af

heildarfjöldi starfsmanna stofnunar. Taka má dæmi af grunnskóla í Reykjavík þar sem eru rétt tæplega 60 starfsmenn, skólastjórnendur, kennarar, þroskaþjálfar, stuðningsfulltrúar, skólaliðar og svo framvegis. Tólf þeirra eru í St.Rv. en til þess að komast á lista Stofnunar ársins þurfa allavega tíu félagsmenn okkar að taka þátt í könnuninni. Einnig vekjum við athygli á því að vinnuveitendum er boðið að taka þátt í könnuninni fyrir alla starfsmenn en þurfa að greiða fyrir það.

Því hvetjum við alla til að ýta undir þátttöku því skoðun hvers og eins skiptir máli.

Staða St.Rv. samanborið við aðra

Eins og fram hefur komið er könnunin Stofnun ársins samstarfsverkefni St.Rv., SFR og VR en auk þess er fjármála- og efnahagsráðuneytið fyrir hönd ríkisins þátttakandi í könnuninni.

Eins og undanfarin ár virðast þátttakendur í könnun VR um fyrirtæki ársins ánægðari með vinnustað sinn en starfsmenn hins opinbera. Heildareinkunn hækkar þó örlítið á milli ára bæði hjá St.Rv. og SFR á meðan hún lækkar örlítið hjá VR. Mestur munur er í þættinum „launakjör“ hjá St.Rv. og VR en þar á eftir fylgja ímynd fyrirtækis og vinnuskilyrði, sjá töflu 3.


Ein af þeim spurningum sem myndar þáttinn „launakjör“ er ánægja með launakjör. Hlutfall þeirra sem segjast ánægð með launakjör hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2013 og eru nú nærri

	St.Rv.	VR	SFR
Heildarmeðaltal	3,93	4,17	3,95
Stjórnun	3,99	4,18	3,98
Starfsandi	4,20	4,34	4,21
Launakjör	2,57	3,38	2,96
Vinnuskilyrði	3,64	4,01	3,84
Sveigjanleiki vinnu	4,20	4,42	4,26
Sjálfstæði í starfi	4,22	4,36	4,26
Ímynd fyrirtækis	3,89	4,31	3,76
Ánægja og stolt	4,07	4,32	4,14
Jafnrétti	4,12	4,18	4,08


Tafla 3. Samanburður á einkunnagjöf félaganna 2016.

tvöfalt fleiri ánægðir með launin en 2013, sjá mynd 17. Þessi þáttur hefur fengið lægstu einkunn öll árin og svo er einnig nú. Launakjör fá einkunnina 2,57 í ár hjá þeim sem ná á lista en í heild 2,59 hjá öllum þátttakend-

um. Það er allveg ljóst að óánægja með launakjör er talsverð meðal félagsmanna. Þegar starfsmat var endurskoðað 2014 dró nokkuð úr þessari óánægju og virðist sú þróun halda áfram í kjölfar kjarasamninga sem voru gerðir 2015, sjá mynd 18.



Mynd 17. Einkunn fyrir launakjör - samanburður við VR.



Mynd 18. Ánægja með launakjör. Hlutfallstölur. – St.Rv. félagar, allir svarendur

Tafla 6. Einkunnir einstakra stofnana (alls 624 svarendur).

Stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri	Heildar- einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfsþæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
Meðaltal	3,929	3,96	4,19	2,62	3,59	4,21	4,22	3,91	4,12	4,11	
1. Frístundamiðstöðin Kampur	4,419	4,50	4,67	3,25	3,80	4,41	4,44	4,71	4,72	4,74	60-69%
2. Frístundamiðstöðin Frostaskjól	4,412	4,62	4,52	3,21	3,92	4,34	4,58	4,64	4,66	4,68	60-69%
3. Norðlingaskóli	4,301	4,44	4,38	3,14	4,03	4,40	4,40	4,61	4,42	4,47	35-49%
4. Frístundamiðstöðin Miðberg	4,287	4,36	4,48	2,85	3,80	4,31	4,44	4,44	4,51	4,80	35-49%
5. Orkuveita Reykjavíkur	4,176	4,20	4,33	3,37	4,14	4,31	4,39	3,84	4,38	4,31	35-49%
6. Frístundamiðstöðin Gufunesbær	4,171	4,32	4,46	2,92	3,52	4,23	4,32	4,34	4,38	4,47	60-69%
7. Borgarsögusafn Reykjavíkur	4,135	4,38	4,42	2,43	3,81	4,33	4,29	4,42	4,28	4,20	60-69%
8. Frístundamiðstöðin Ársel	4,113	4,40	4,40	2,87	3,11	4,33	4,40	4,13	4,23	4,50	35-49%
9. Laugardalslaug	4,108	4,18	4,03	3,44	3,87	4,42	4,34	4,12	3,98	4,42	50-59%
10. Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis	4,035	4,17	4,29	2,64	3,89	4,06	4,32	3,89	4,16	4,30	35-49%
11. Skrifstofa Skóla- og frístundasviðs Rvk.	3,918	4,08	4,27	2,66	3,76	4,48	4,23	3,07	4,03	4,11	60-69%
12. Borgarbókasafn Reykjavíkur	3,906	3,96	4,15	1,84	3,48	4,25	4,00	4,59	4,24	4,03	35-49%
13. Heilbrigðisstofnun Vesturlands	3,891	3,88	3,88	3,28	4,15	4,10	4,23	3,71	4,13	3,62	80-100%
14. Leikskólar í Reykjavík	3,871	4,03	4,18	2,41	3,37	3,92	4,24	4,13	3,95	4,05	35-49%
15. Barnavernd Reykjavíkur	3,814	3,95	4,33	2,73	2,94	4,46	4,19	2,83	4,25	4,07	50-59%
16. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	3,793	3,54	4,18	2,44	3,73	4,19	4,32	3,35	4,15	3,98	60-69%
17. Faxaflóahafnir sf.	3,772	3,40	4,00	2,92	3,42	4,46	4,27	4,15	4,11	3,44	50-59%
18. Landsspítalinn - háskólasjúkrahús	3,748	3,80	4,22	1,83	3,47	4,09	4,23	3,50	3,91	4,02	35-49%
19. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts	3,745	3,64	4,28	2,48	3,49	3,79	3,92	4,02	3,88	3,80	35-49%
20. Langholtsskóli	3,667	3,49	4,33	2,13	3,48	3,53	3,85	3,91	3,94	3,82	35-49%
21. Fjármálaskrifstofa ráðhúsi	3,569	3,59	3,63	2,19	3,25	4,48	4,05	3,45	3,72	3,54	60-69%
22. Rimaskóli	3,541	3,58	3,71	1,79	3,04	4,11	3,84	3,62	3,96	3,73	35-49%
23. Vættaskóli	3,533	3,38	3,77	1,99	3,10	4,24	3,98	3,52	3,65	3,86	35-49%
24. Skrifstofa þjónustu og reksturs Rvk.	3,362	3,14	3,74	2,07	3,51	3,82	3,90	2,96	3,20	3,68	50-59%

Tafla 7. Einkunnir einstakra stofnana (alls 152 svarendur).

Stofnanir með færri en 50 starfsmenn	Heildar- einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfsþæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
Meðaltal	3,929	4,02	4,20	2,50	3,71	4,18	4,24	3,85	4,02	4,14	
1. Skrifstofa Íþrótt- og tómstundasviðs Rvk.	4,902	5,00	5,00	4,13	4,76	4,96	5,00	5,00	5,00	4,97	80-100%
2. Leikskólinn Vallarsel Akranesi	4,697	4,80	5,00	2,67	4,71	4,87	4,88	4,94	4,92	4,81	60-69%
3. Fossvogsskóli	4,521	4,84	4,87	2,07	4,24	4,67	4,65	4,78	4,80	4,77	50-59%
4. Grafarvogslaug	4,355	4,71	4,69	2,55	3,63	4,41	4,61	4,60	4,63	4,53	80-100%
5. Umhverfis- og skipulagssvið, skr. Sviðsstj. og Landupplýsingadeild	4,198	4,36	4,67	2,70	4,25	4,44	4,50	3,50	4,50	4,21	35-49%
6. Skrifstofur Ráðhúss, Innri endursk., Mannréttindask. og Borgarlögm.	4,137	4,03	4,56	2,67	3,83	4,53	4,33	4,12	4,33	4,38	80-100%
7. Breiðholtslaug	4,073	4,22	4,15	3,13	3,60	4,28	4,53	4,33	4,14	4,03	50-59%
8. Árbæjarlaug	3,971	3,81	3,79	2,95	4,07	3,90	4,31	4,21	3,97	4,56	35-49%
9. Skrifstofa Velferðarsviðs Rvk.	3,860	3,93	4,43	2,68	3,62	4,02	4,30	2,96	4,08	4,12	60-69%
10. Aðalskrifstofa Akranesbæjar	3,740	3,82	4,08	2,71	3,44	3,71	4,13	3,54	3,79	4,00	50-59%
11. Félagsþjónustusvið Seltjarnarness	3,655	3,56	3,88	2,65	3,05	4,32	4,33	3,59	3,75	3,68	80-100%
12. Selásskóli	3,646	3,86	3,77	2,32	3,31	3,25	3,96	3,94	3,84	3,97	50-59%
13. Félagsbústaðir hf.	3,639	3,87	3,45	2,71	3,83	4,18	3,90	3,24	3,58	3,72	70-79%
14. Höfuðborgarstofa	3,607	3,43	3,89	1,93	3,33	3,83	3,46	4,40	3,38	4,32	70-79%
15. Skr.st. Skipulags byggingar og borgarhönn.	3,587	3,84	3,93	1,82	3,60	4,08	3,85	3,00	3,61	3,80	35-49%
16. Listasafn Reykjavíkur	3,427	3,53	3,60	1,61	3,30	3,47	3,86	4,13	3,59	3,29	50-59%
17. Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlands	3,422	3,46	4,07	2,08	3,16	3,96	3,73	3,04	3,46	3,36	35-49%
18. Bílastæðasjóður	3,286	3,32	3,78	1,67	3,02	4,28	3,92	2,04	2,96	3,97	35-49%

Tafla 5. Einkunnir einstakra stofnana (alls 776 svarendur).

Stofnanir	Heildar-einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Stjálfsæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
Meðaltal	3,929	3,99	4,20	2,57	3,64	4,20	4,22	3,89	4,07	4,12	
1. Skrifstofa Íþrótt- og tómstundasviðs Rvk.	4,900	5,00	5,00	4,13	4,76	4,96	5,00	5,00	5,00	4,97	80-100%
2. Leikskólinn Vallarsel Akranesi	4,700	4,80	5,00	2,67	4,71	4,87	4,88	4,94	4,92	4,81	60-69%
3. Fossvogsskóli	4,520	4,84	4,87	2,07	4,24	4,67	4,65	4,78	4,80	4,77	50-59%
4. Frístundamiðstöðin Kampur	4,420	4,50	4,67	3,25	3,80	4,41	4,44	4,71	4,72	4,74	60-69%
5. Frístundamiðstöðin Frostaskjól	4,410	4,62	4,52	3,21	3,92	4,34	4,58	4,64	4,66	4,68	60-69%
6. Grafarvogslaug	4,350	4,71	4,69	2,55	3,63	4,41	4,61	4,60	4,63	4,53	80-100%
7. Norðlingaskóli	4,300	4,44	4,38	3,14	4,03	4,40	4,40	4,61	4,42	4,47	35-49%
8. Frístundamiðstöðin Miðberg	4,290	4,36	4,48	2,85	3,80	4,31	4,44	4,44	4,51	4,80	35-49%
9. Umhverfis- og skipulagssvið - annað	4,200	4,36	4,67	2,70	4,25	4,44	4,50	3,50	4,50	4,21	35-49%
10. Orkuveita Reykjavíkur	4,180	4,20	4,33	3,37	4,14	4,31	4,39	3,84	4,38	4,31	35-49%
11. Frístundamiðstöðin Gufunesbær	4,170	4,32	4,46	2,92	3,52	4,23	4,32	4,34	4,38	4,47	60-69%
12. Aðrar skrifstofur Ráðhúss	4,140	4,03	4,56	2,67	3,83	4,53	4,33	4,12	4,33	4,38	80-100%
13. Borgarsögusafn Reykjavíkur	4,140	4,38	4,42	2,43	3,81	4,33	4,29	4,42	4,28	4,20	60-69%
14. Frístundamiðstöðin Ársel	4,110	4,40	4,40	2,87	3,11	4,33	4,40	4,13	4,23	4,50	35-49%
15. Laugardalslaug	4,110	4,18	4,03	3,44	3,87	4,42	4,34	4,12	3,98	4,42	50-59%
16. Breiðholtslaug	4,070	4,22	4,15	3,13	3,60	4,28	4,53	4,33	4,14	4,03	50-59%
17. Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis	4,040	4,17	4,29	2,64	3,89	4,06	4,32	3,89	4,16	4,30	35-49%
18. Árbæjarlaug	3,970	3,81	3,79	2,95	4,07	3,90	4,31	4,21	3,97	4,56	35-49%
19. Skrifstofa Skóla- og frístundasviðs Rvk.	3,920	4,08	4,27	2,66	3,76	4,48	4,23	3,07	4,03	4,11	60-69%
20. Borgarbókasafn Reykjavíkur	3,910	3,96	4,15	1,84	3,48	4,25	4,00	4,59	4,24	4,03	35-49%
21. Heilbrigðisstofnun Vesturlands	3,890	3,88	3,88	3,28	4,15	4,10	4,23	3,71	4,13	3,62	80-100%
22. Leikskólar í Reykjavík	3,870	4,03	4,18	2,41	3,37	3,92	4,24	4,13	3,95	4,05	35-49%
23. Skrifstofa Velferðarsviðs Rvk.	3,860	3,93	4,43	2,68	3,62	4,02	4,30	2,96	4,08	4,12	60-69%
24. Barnavernd Reykjavíkur	3,810	3,95	4,33	2,73	2,94	4,46	4,19	2,83	4,25	4,07	50-59%
25. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	3,790	3,54	4,18	2,44	3,73	4,19	4,32	3,35	4,15	3,98	60-69%
26. Faxaflóahafnir sf.	3,770	3,40	4,00	2,92	3,42	4,46	4,27	4,15	4,11	3,44	50-59%
27. Landsspítalinn - háskólasjúkrahús	3,750	3,80	4,22	1,83	3,47	4,09	4,23	3,50	3,91	4,02	35-49%
28. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts	3,740	3,64	4,28	2,48	3,49	3,79	3,92	4,02	3,88	3,80	35-49%
29. Aðalskrifstofa Akranesbæjar	3,740	3,82	4,08	2,71	3,44	3,71	4,13	3,54	3,79	4,00	50-59%
30. Langholtsskóli	3,670	3,49	4,33	2,13	3,48	3,53	3,85	3,91	3,94	3,82	35-49%
31. Seláskóli	3,650	3,86	3,77	2,32	3,31	3,25	3,96	3,94	3,84	3,97	50-59%
32. Félagsþjónustusvið Seltjarnarness	3,650	3,56	3,88	2,65	3,05	4,32	4,33	3,59	3,75	3,68	80-100%
33. Félagsbústaðir hf.	3,640	3,87	3,45	2,71	3,83	4,18	3,90	3,24	3,58	3,72	70-79%
34. Höfuðborgarstofa	3,610	3,43	3,89	1,93	3,33	3,83	3,46	4,40	3,38	4,32	70-79%
35. Skr.st. skipulags byggingar og borgarhönn.	3,590	3,84	3,93	1,82	3,60	4,08	3,85	3,00	3,61	3,80	35-49%
36. Fjármálaskrifstofa ráðhúsi	3,570	3,59	3,63	2,19	3,25	4,48	4,05	3,45	3,72	3,54	60-69%
37. Rimaskóli	3,540	3,58	3,71	1,79	3,04	4,11	3,84	3,62	3,96	3,73	35-49%
38. Vætaskóli	3,530	3,38	3,77	1,99	3,10	4,24	3,98	3,52	3,65	3,86	35-49%
39. Listasafn Reykjavíkur	3,430	3,53	3,60	1,61	3,30	3,47	3,86	4,12	3,59	3,29	50-59%
40. Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlands	3,420	3,46	4,07	2,07	3,16	3,96	3,73	3,04	3,46	3,36	35-49%
41. Skrifstofa þjónustu og reksturs Rvk.	3,360	3,14	3,74	2,07	3,51	3,82	3,90	2,96	3,20	3,68	50-59%
42. Bílastæðasjóður	3,290	3,32	3,78	1,67	3,02	4,28	3,92	2,04	2,96	3,97	35-49%

Stofnun ársins sérřit

Ábyrgðarmaður:

Jakobína Þórðardóttir

Umsjón:

Sólveig Sigr. Jónasdóttir
Grettisgötu 89, 105 Reykjavík Sími: 525 8330
Netfang: strv@bsrb.is Veffang: strv.is
Skrifstofan er opin mán.- fös. kl. 9:00-16:00

Forsíðumynd: Ágústa Þórðardóttir

Umbrot og prentun:

Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja



SSN númer 1670-5874



